



Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar 7. febrúar 2019

Fundur í íþrótt og æskulýðsnefnd 7. Feb. 2019 klukkan 14:00

Mættir: Gísli Arnar Gíslason, Þórhildur Sigurðardóttir, Víglundur P. Einarsson og Teitur Helgason er ritar fundargerð.

1. 1. Styrktarbeiðni “vertu óstöðvandi”

Tekur nefndin vel í erindið og hvetur sveitastjórn til að veita þennan styrk.

1. 2. Aldurstakmark í tækjasal.

Umræða tekinn um málið og talið þörf á því að búa til skýrar reglur um þetta mál. Víglundur er búinn að hafa samband við önnur íþróttahús á Austurlandi og kynnt sér hvernig staðið er að þessum málum þar. Ákveðið að funda 11.febrúar kl:11:00 þar sem settar verða reglur um aðgengi 8-10 bekkjar.

1. 3. Önnur mál

- Opnunartími á íþróttahúsi

Rætt hvort að hægt sé að koma á sólarhringsopnun, þá hugsanlega með aðgangsstýringu og myndavél við inngang þannig að mögulegt væri að koma klukkan 05:30 og vera fram að 24:00.

- Fjárhagsáætlun

Nefndinn kallar eftir því að fá upplýsingar um hversu miklum fjármunum er varið í Íþrótt og æskulýðsmál hjá sveitarfélaginu á árinu 2019.

Fundi slitið klukkan 15:00

Hjálagt bréf til æskulýðs- og íþróttanefndar tekið fyrir á fundi:

Vopnafjörður 21. janúar 2019

Til íþrótt- og æskulýðsnefndar

Við undirritaðar höfðum áhuga á að fá hingað til okkar á Vopnafjörð námskeið fyrir ungt íþróttafólk sem kallast: „Vertu óstöðvandi“ og er hugarþjálfunarnámskeið fyrir ungt íþróttafólk sem vill hámarka árangur sinn með auknum andlegum styrk.

Námskeiðið snýr í grunninn að því að styrkja sálrænan hluta íþróttafólks og kynna fyrir þeim hvað það er sem sker á milli íþróttafólks á hæsta stigi og allra hinna.

Bjarni Fritz sem hannaði og kennir námskeiðið er sálfræðimenntaður fyrrum landsliðs- og atvinnumaður í handknattleik, þjálfaði U-20 ára landsliðið og mfl ÍR í handknattleik, rithöfundur og eigandi

sjálfstyrkingafyrirtækisins Ut fyrir kassann. Á námskeiðinu er lögð áhersla á kennslu í gegnum fyrirlestra, verkefnavinnu, hagnýt heimaverkefni, framkoma og fjölefli.

Hann er tilbúin að koma til okkar með tveggja daga dagskrá sem er tveir klukkutímar í hvort skiptið. Á fyrri degi er farið í vertu óstöðvandi hugarfarið, hvað þarf til að ná árangri, að berjast í gegn um mótlætið, óttann við mistök og andlegan styrk. Seinni dagurinn fjallar um að ná stjórn á huganum og truflunum, leiðtogann, bestu útgáfuna og gildi.

Verð fyrir námskeiðið er 15900 krónur á einstakling en miðað er við að lágmarksfjöldi sé tólf til að námskeiðið verði haldið. Við óskum eftir styrk til að koma til móts við kostnað foreldra sem nemur 5000 krónum á einstakling.

Námskeiðið er fyrir unglunga fædda 2002-2006.

Með fyrirfram þökk

Bjarney Guðrún Jónsdóttir

Linda Björk Stefánsdóttir